



Fundargerð

192. fundur skipulagsnefndar haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 23. apríl 2024.

Fundinn sátu:

Jón Hrafn Karlsson, Rúnar Þorri Guðnason, Jóhannes Gissurarson, Guðbrandur Magnússon, Elín Heiða Valsdóttir, Margrét Ólafsdóttir, Óskar Örn Gunnarsson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, .

Formaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn klukkan 14.06

Almenn mál

1. 2401032 - Ásar 1

Tekið fyrir eftir auglýsingu deiliskipulag fyrir Ása 1. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 15. mars 2024. Engar athugasemdir bárust frá almenningi en fyrir liggja umsagnir frá Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Minjastofnun. Umsagnir leiddu ekki til breytinga á tillögunni.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2. 2309033 - Hemruhlíð nýtt deiliskipulag

Tekið fyrir afgreiðslubrэф Skipulagsstofnunar dagsett 26. mars 2024 þar sem gerðar eru athugasemdir við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda þar sem áformin sem fram koma í tillögunni eru ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þegar samþykkt aðalskipulag liggur fyrir.

3. 2403005 - Teygingalækur-breyting á deiliskipulagi

Tekið fyrir eftir auglýsingu breyting á deiliskipulagi fyrir Teygingalæk. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 20. apríl 2024. Engar athugasemdir bárust frá almenningi en fyrir liggja umsagnir frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Umhverfisstofnun RARIK. Umsagnir leiddu ekki til breytinga á tillögunni fyrir utan umsögn UST en gera þarf orðalagsbreytingu á tillögunni þar sem Umhverfisstofnun gerir kröfur um fyrir starfsemi sem deiliskipulagið fjallar um.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 14.23.

Jón Hrafn Karlsson

Rúnar Þorri Guðnason

Jóhannes Gissurarson

Guðbrandur Magnússon

Elín Heiða Valsdóttir